

GAGNSEMI KONUNGDÓMS

I

Mjög illa er mér við, er ég sé nokkuð ritað eins og Íslendingar væru ekki konunghollir, eða nokkuð af eftirtölutagi, þó að svo sem tvö hundruð þúsund krónum væri varið til að fagna konungi. Það má fagna konungi með kurteisi og prýði, alveg án skriðsemi. Og að miklu gagni getur það orðið oss, að konungur vor er höfðingi einnig yfir Danmörku.

Hið íslenska ríki er févana mjög, og horfur hörmulegar. Er nú ekki um annað meira rætt, en spara þurfi. Og er slíkt illt að vita, þar sem flest er hér ógert, sem gera þarf og gera má, með styrk fjár. Er það fyrirsjáanlegt, að landbúnaði verður ekki haldið uppi hér, án niðurníðslu fyrir þá, sem að honum starfa, nema stórvirki séu unnin honum til stuðnings. Og er þó fleira sem gera þarf. Það mun skifta milljónum króna, eigi allfáum, sem vér þurfum að geta varið á nokkrum næstu árum fram yfir væntanlegar tekjur lands-sjóðs, til samgöngubóta og annarra bjargráða, ef duga skal. Og er vér gætum þess, með hve miklu meiri framgangi en áður hefir verið starfað að fiskveiðum, síðan sjávarútvegurinn tók grunndrögu, gufuvél og mótor í sína þjónustu þá virðist öll ástæða til að ætla, að líkt mundi fara um fleira, þegar aðstaða væri bætt. Og í Danmörku getum vér fengið fé það sem til þess þarf. Þar getur það orðið oss að því liði sem duga mundi, að konungur Íslands er einnig konungur yfir slíku auðlandi og hagsældar sem Danmörk er. Framför væri það fyrir Ísland eigi alllítill, ef samgöngur hér innanlands væri ekki nema svo sem tíu sinnum verri en í Danmörku. Svo mikill er munurinn á aðstöðu Dana og Íslendinga í þessu efni. Og eftir þessu er margt annað.

II

Dönum væri það leikur einn, og þó að ekki væri nema nokkrir þeirra sem auðugastir eru, að lána Íslendingum fé það er þeir þurfa til að koma undir sig fótunum, og lána þeim það vaxtalaust, fyrst um sinn. Og það er eigi einungis Íslendinga vegna, sem ég vildi að þessu yrði framengt, heldur einnig Dana sjálfra. Lítið á sögu Danmerkur og þið munuð fljótt skilja, hvers vegna mér virðast nokkrar líkur til að það mundi verða dönsku þjóðinni giftusamlegt, að reynast Íslendingum vel. Og það mundi duga, ef konungur hefði áhuga á þessu máli. Er konungur svo mikils metinn þar í Danmörku, af öllum þeim sem fjáðastir eru og fésælastir, að honum væri það innan handar að fá þessu framengt. Mundi ekki annars þurfa, en konungur lýsti það vilja sinn að svo væri gert, sem hér er til lagt. Munu þeir menn vera sem festerkir eru, og ekki væri á móti skapi sá vegsauki, sem liklegt er að leiða mundi af því að taka vel undir mál konungs. Ber ég gott traust til konungs um Íslandsmál. Hygg ég, að Kristján konungur sé göfugmenni mikið, eins og hann á ætt til, og fleira gefið sem konung prýðir en hæð umfram aðra menn. Hygg ég að honum muni vera mikill hugur á, að sagan geti hans sem hins besta konungs, er yfir Íslendingum hafi verið, þeirri þjóð, er konungle Gast er ættuð, og svo lengi hefir við ómaklegar ástæður lifað, en látið þó mikið gott af sér leiða fyrir öll Norðurlönd. Mun hér einskis þurfa annars en þess, að þeir Íslendingar, sem á konungs fund koma, noti með góðri greind og hollum huga til sinnar þjóðar, áheyrn þá sem þeim er veitt.

Morgunblaðið 1921.

Grein sem kom í öðru blaði, nokkru síðar en þessi, sýndi að sumir menn höfðu misskilið mig talsvert. Grein míni átti að stuðla að því, að verst setta þjóðin á Norðurlöndum, nytí þess meir en verið hefir, að konungur er hinn sami og yfir þeirri þjóðinni, sem best er sett. Og svo vel treysti ég þeim sem hér eiga hlut að máli, að ég tel víst, að nokkur árangur verði.